

12. Frumvarp

til laga um undanþágu frá lögum nr. 91, 14. nóv, 1917, um aðflutningsbann á áfengi.

(Lagt fyrir Alþingi 1923).

1. gr.

Vin, sem ekki er í meira en 21% af vinanda (alkohol) að rúmmáli skulu undanþegin ákvæðum laga 14. nóvbr. 1917, um aðflutningsbann á áfengi, um bann gegn innflutningi, veitingu, sölu og flutningi um landið. Undanþága þessi um aðflutning vína nær þó eingöngu til vína, sem eiga uppruna í löndum, sem veita bestu kjör fyrir íslenskan saltflsk.

2. gr:

Ráðherra getur með reglugerð sett ákvæði til varnar misbrúkun við sölu og veitingar þessara vína, þó mega ákvæði þessi ekki ganga svo langt, að þau geri að engu undanþágu vinanna frá ákvæðum aðflutningsbannlaganna. Í reglugerðina má setja ákvæði um sektir fyrir brot gegn henni.

3. gr.

Vegna eftirlits með óheimiluðum áfengisinnflutningi haldast óbreytt ákvæðin í lögum 14. nóvbr. 1917, um skyldu skipstjóra að tilkynna lögreglu-

stjóra hve mikið áfengi og hvaða áfengi skipið hafi meðferðis, og um innsigli-
un þess áfengis sem ekki á að fara hjer í land.

Lög þessi ganga í gildi þegar í stað.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er alveg samhljóða tilskipun um undanþágu frá lögum
nr. 91, 14. nóv. 1917, um aðflutningsbann á áfengi, að öðru leyti en því að orð-
in »til loka Alþingis 1923« í 1. gr. tilskipunarinnar eru feld burtu og að við 2.
gr. er bætt setningu um sektaákvæði. Að öðru leyti þykir ekki vera ástæða til
athugasemda.